



FUNDUR Í SKIPULAGS-, UMHVERFIS OG UMFERÐARNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 13. nóvember 2014 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, fundarsal á Blönduósi.

Dagskrá:

1. Málsnúmer: 1411003 - Deiliskipulag við Norðurlandsveg – lónaðar- og athafnasvæði.
2. Málsnúmer: 1411007 – Gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa.
3. Málsnúmer: 1410014 – Norðurlandsvegur 2, beiðni um byggingarleyfi fyrir skilti.
4. Málsnúmer: 1410010 – Skotfélagið Markviss, beiðni um leyfi fyrir riffilbraut.
5. Lóð við Hnjúkabyggð 34 – staða lóðarúthlutanar.
6. Samþykkt um gatnagerðargjöld og samþykkt um lóðarúthlutanir – Tillaga um endurskoðun vegna breytinga á lögum og reglugerðum.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Valgarður Hilmarsson formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1) Málsnúmer: 1411003 - Deiliskipulag við Norðurlandsveg.

Tillaga að deiliskipulagi við Norðurlandsveg fyrir athafna- og iðnaðarsvæði, verslun og þjónustu og þjónustustofnun var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010 og var auglýsingartími og umsagnarfrestur frá 24. september til 5. nóvember 2014. Tillagan samanstendur af skipulagsupprætti, greinargerð og skýringarmyndum. Allar meginforsendur deiliskipulagsins eru í samræmi við Aðalskipulag Blönduóss 2010–2030. Ein athugasemd barst, frá Vegagerðinni. Vegagerðin gerir athugasemd við fjarlægð húsa við vegamót Norðurlandsvegar (Hringvegar) og tengivegar hverfisins frá Norðurlandsvegi. Ekki er uppfyllt ákvæði 32. gr. vegalaga um fjarlægð mannvirkja frá veginum en þar segir í 2. m.gr.: Óheimilt er að reisa mannvirkni nema með leyfi veghaldara við vegamót vega skv. 1. m.gr. á svæði sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlinu vega 40 m frá skurðpunktum þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m. Vegagerðin telur nauðsynlegt að uppfyllt sé ákvæðið um 40 m. Ennfremur telur Vegagerðin að heppilegt væri að hafa lóðarmörk hinnar nýju byggðar sem fjarðst Hringveginum eða a.m.k. 30 m eins og helgunarsvæði vegarins er. Skipulags-, unhverfis- og umferðarnefnd fellst á þessi sjónarmið Vegagerðarinnar og samþykkir tillögu að deiliskipulagi við Norðurlandsveg fyrir athafna- og iðnaðarsvæði, verslun og þjónustu og þjónustustofnun svo breytta.

2) Málsnúmer: 1411007 – Gæðastjórnunarkerfi byggingarfulltrúa.

Bréf frá Félagi byggingarfulltrúa um gerð gæðastjórnunarhandbókar og rafrænna gagna fyrir byggingarfulltrúa og kostnaðarskiptingu við gerð kerfisins lagt fram til kynningar.

3) Málsnúmer: 1410014 – Norðurlandsvegur 2, beiðni um byggingarleyfi fyrir skilti.

Sótt er um byggingarleyfi til að setja upp nýtt skilti á suðurgafi hússins þar sem merki Frumherja er í dag og færa það yfir gögngudyr á vesturhlíð hússins. Nýja skiltið er





Ijósaskilti af stærðinni 450x75 cm með áletruninni BIFREIÐASKOÐUN. Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

- 4) **Málsnúmer: 1410010 – Skotfélagið Markviss, beiðni um leyfi fyrir riffilbraut.**
Skotfélagið Markviss sækir um framkvæmdaleyfi til að halda uppbryggingu sinni áfram á skotsvæði félagsins. Sótt er um leyfi fyrir 200 m riffilbraut með möguleika á lengingu í 300 m. Umsókninni fylgir lýsing á fyrirhugaðri riffilbraut ásamt myndum. Núverandi staðsetning er ekki í samræmi við Aðalskipulag Blönduósbæjar 2010-2030 eins og fram kemur í fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar Blönduósbæjar frá 11. júlí 2013. Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd bendir á að í framangreindu aðalskipulagi er skotíþróttasvæði markaður staður við Draugagil. Nefndin frestar afgreiðslu á erindinu til að leita að heppilegri framtíðarlausn.
- 5) **Málsnúmer: Lóð við Hnjúkabyggð 34 – staða lóðarúthlutunar**
Samkvæmt tillögu skipulags-, byggingar- og veitunefndar Blönduósbæjar frá 23 apríl 2012 úthlutaði bæjarráð 2750 m² lóð "vestan" við athafnasvæði Olís til Mýrarbrautar 23 ehf. þann 30. apríl 2012. Ekki var fylgt eftir ákvæðum í "Reglum við úthlutun byggingarlóða á Blönduósi" eða "Samþykkt um gatnagerðargjald í béttbýli Blönduósbæjar" við þessa úthlutun. Nú er ljóst að stærð lóðarinnar stenst ekki ákvæði vegalaga um 30 m helgunarsvæði Norðurlandsvegar. Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd samþykkir að af framangreindum sökum sé umrædd lóð fallin aftur til Blönduósbæjar en Mýrarbraut 23 ehf. hafi forgangsrétt að lóð á þessum stað sem fellur að ákvæðum vegalaga og skipulags Blönduósbæjar sé sótt um hana að nýju innan árs.
- 6) **Málsnúmer: Samþykktir um úthlutun byggingarlóða á Blönduósi.**
Endurskoðaðar reglur við úthlutun byggingarlóða á Blönduósi voru lagðar fram, yfirfarnar og samþykkt að leggja þær fyrir sveitarstjórn til samþykktar. Koma þær í stað sömu regna sem samþykktar voru í bæjarstjórn 10. nóvember 2009.
- 7) Önnur mál.
- Hreinlætismála á Blönduósi.
Nefndin felur byggingarfulltrúa og forstöðumanni tæknideildar að undirbúa hvernig framfylgja skuli reglum um staðsetningu og varðveislu gáma og annars lausafjár
 - Skilti.
Nefndin samþykkir að endurskoða reglur um skilti á Blönduósi.

Fleira var ekki tekið og fundi slitið kl. 19.00

Valgarður Hilmarsson

Brynja Birgisdóttir

Jakob Jónsson

Guðmundur Sigurjónsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Águst Þór Bragason, yfirm. Tæknideildar

*Óðda Þ. M. Gunnarsdóttir
yfirm. fyrsta
Fréttameistari Arnes Sigurðsson*

Bjarni Þór Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

*Águst Þór Bragason
Brynja Birgisdóttir
Valgarður Hilmarsson
Bjarni Þór Einarsson*